

21.5.2012

Atvinnuveganefnd.

Á fundi borgarráðs 18 . þ.m. var samþykkt svohljóðandi umsögn um frumvörp til laga um stjórn fiskveiða og veiðigjöld:

Fyrir alþingi liggur frumvarp til laga um stjórn fiskveiða og frumvarp um veiðigjöld. Markmið frumvarps um stjórn fiskveiða er að stuðla að verndun og sjálfbærri nýtingu fiskistofna við Ísland, stuðla að farsælli samfélagsþróun með hagsmuni komandi kynslóða að leiðarljósi, treysta atvinnu og byggð í landinu, hámarka þjóðhagslegan ávinning af sjávarauðlindinni og tryggja þjóðinni eðlilega auðlindarentu, sjávarútvegurinn sé arðsamur og búi við hagstætt og stöðugt rekstrarumhverfi. Þá segir í markmiðsgrein frumvarpsins að nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameiginleg og ævarandi eign íslensku þjóðarinnar. Íslenska ríkið veitir tilskilin leyfi, fer með og ráðstafar hvers kyns heimildum til nýtingar. Slík veiting eða ráðstöfun myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir þeim. Frumvarpið gerir ráð fyrir að núverandi handhafar aflaheimilda fái tiltekinn hluta aflaheimilda í formi nýtingarleyfa sem ákveðnar kvaðir eru á. Valin er leið **nýtingarleyfa** en ekki nýtingarsamninga þar sem mat sérfræðinga er að leyfisformið falli betur að eðlilegri stjórnsýslu og sé í betra samræmi við það sem annars staðar gerist. Nýtingarleyfin fela eftir sem áður í sér ígildi samkomulags milli handhafans og ríkisins. Aflahlutdeildum er í raun skipt í tvo flokka: annars vegar nýtingarleyfi til útgerða og hins vegar til ríkisins. Til verður nýr leigupottur ríkisins sem selur aflamark (leigir) nokkrum sinnum á hverju fiskveiðiári. Það veitir aðilum utan kerfisins möguleika á að kaupa aflamark en þar er líka opnað fyrir að heimildir ráðherra til að ráðstafa aflamarki til svæða sem standa veikt eða hafa glatað (selt) aflaheimildum sínum. Upphafsnýtingarleyfi útgerða er í frumvarpinu bundið við 20 ár. Ef það er framselt á tímabilinu skerðist það um 3% sem fer í leigupott ríkisins. Eftir 20 ár er ekki heimilt að framselja upphafsnýtingarleyfi. Sett er á laggirnar kvótapiing og einungis þar er heimilt að framselja aflamark ríkis og útgerða. Framsali útgerða á aflamarki eru settar verulegar skorður með því að skilyrða framsalið við áunna veiðireynslu. Með þessu er reynt að koma í veg fyrir að handhafi nýtingarleyfis fénýti það með útleigu í stað þess að stunda fiskveiðar á grunni þess.

Markmið frumvarps um veiðigjöld er að leggja á veiðgjöld í þeim tilgangi að mæta kostnaði ríkisins við rannsóknir, stjórn, eftirlit og umsjón með fiskveiðum og fiskvinnslu og til að tryggja þjóðinni í heild hlutdeild í þeim arði sem nýting sjávarauðlinda skapar. Frumvarpið gerir ráð fyrir að almennt veiðigjald lagt verði á annars vegar og hins vegar sérstakt veiðigjald. Almennt veiðigjald skal vera 8 kr. á hvert þorskígildiskílón en þó aldrei lægra en 5.000 kr á hvert skip. Sérstakt veiðigjald skal skilgreint í krónum á hvert þorskígildiskíló eftir veiðiflokkum, þ.e. botnfiskveiðum og uppsjávarveiðum, og skal vera 70% af stofni til útreiknings („rentu“) á gjaldinu fráregnu almennu veiðigjaldi. Stofninn er reiknaður þannig að frá söluverðmæti afla/afurða er dreginn rekstrarkostnaður og reiknuð ávöxtun á verðmæti uppfærðra rekstrarfjármuna (m.v. 8% ávöxtunarkröfu í veiðum og 10% í vinnslu). Raunar er gert ráð fyrir að hlutfallið verði 60% fiskveiðiárið 2012-2013 og svo 65% fiskveiðiárið 2013-2014. Sérstakt veiðigjald er þó ekki lagt á fyrstu 30 þús þorskígildiskíló fiskiskips og aðeins hálf á næstu 70 þús kg en full gjald er lagt á afla umfram 100 þús kg. Ráðherra er heimilt að tillögu veiðigjaldsnefndar að lækka eða undanþiggja sérstöku veiðigjaldi afla úr tilteknum fiskstofni ef sýnt er að afkoma er verulega lakari við þær veiðar en almennt gerist. Einnig má undanþiggja tilraunaveiðar sérstöku veiðigjaldi ef sýnt er að renta þeirra veiða er engin eða neikvæð.

Sjávarútvegur gegnir mikilvægu þjóðhagslegu hlutverki á Íslandi enda þótt tiltölulega fáir starfi beint við veiðar og vinnslu. Veiðarnar eru fjármagnsfræk og allskuldsett atvinnugrein en vinnslan byggir meira á vinnuafli. Um 4.600 störfuðu á landinu öllu við fiskveiðar árið 2011 eða um 2,7% vinnuaflsins en á höfuðborgarsvæðinu aðeins um 1.000 manns eða 0,5% af vinnuaflinu. Í fiskiðnaði störfuðu á sama tíma um 4.300 manns, þar af um 800 á höfuðborgarsvæðinu. Þetta sýnir að helsti tekjustofn borgarinnar, útsvarstekjur, byggja í takmörkuðu mæli á atvinnutekjum starfsfólks í sjávarútvegi. Áhrif sjávarútvegs á atvinnutekjur og þar með útsvarstekjur eru hins vegar víða annars staðar mjög mikil. Staðsetning útgerða og vinnslu og atvinnutækifærin í greininni hafa í gegnum tíðina ráðist af hagkvæmismati fyrirtækjanna og þar hefur mestu ráðið annars vegar nálægð við miðin og hins vegar nálægð við markaði. Ekki má vanmeta mikil óbein efnahagsleg áhrif af gengi sjávarútvegs á allt atvinnulíf í landinu og er borgin þar engin undantekning. Nýjar tölur sýna að tæplega 15% aflaheimilda er skráður í Reykjavík og miklu aflamagni og aflaverðmætum er landað í Reykjavíkurborg og á höfuðborgarsvæðinu. Síðustu árin hafa verið sjávarútvegnum afar hagstæð og skilað miklum hagnaði. Því valda einkum aflabroð, verð á erlendum mörkuðum á helstu afurðum og lágt gengi íslensku krónunnar. Þannig hefur framlegð í atvinnugreininni numið um 120 milljörðum síðustu tvö árin, skuldir hafa farið lækkanði og eigið fé aukist umtalsvert. Eðlilegt að láta reyna á lögfestingu veiðigjalds við svo hagfelldar aðstæður.

Borgarráð leggur áherslu þau meginsjónarmið, sem bæði frumvörpin byggja á: Annars vegar að fiskimiðin eru sameign þjóðarinnar og mikilvægt að tryggja sjálfbæra nýtingu þeirra. Í þessu samhengi ber að hafa í huga að árangursrík fiskveiðistjórnun byggir á því að útgerðin sé tilbúin að taka á sig aflamarksskerðingar þegar gengið er of nærri stofninum og útgerðin njóti þess á móti þegar stofnstærðin leyfir slíkt. Hins vegar að þjóðinni ber sanngjörn hlutdeild í afrakstri þessara auðlinda. Borgarráð leggur þessa vegna áherslu á að alþingi hagi veiðigjöldum þannig að vel rekin fyrirtæki geti staðið undir þeim og jafnframt skilað eigendum sínum ásættanlegum arði. Einnig þarf að tryggja að þjóðin, eigandi fiskimiðanna fái ásættanlegan arð af sinni auðlind. Borgarráð telur mikilvægt að við rýningu alþingis á sérstöku veiðigjaldi verði sérstaklega skoðað hvort taka beri meira tillit til skuldsettra sjávarútvegsfyrirtækja en gert er í frumvarpinu. Þetta mætti gera með því að gefa lengri aðlögunarfrest við innleiðingu á sérstöku veiðigjaldi. Borgarráð fagnar sérstaklega því að settur verði á laggir markaður, *kvótapiing*, sem gefur nýjum aðilum færi á að komast inn í greinina. Gera verður ráð fyrir því að innleiðing veiðigjalda muni hafa þau áhrif til lengri tíma að verð á aflaheimildum á kvótapiingi lækki verulega, enda mun verð aflaheimilda til framtíðar hætta að endurspegla óeðlilega arðskrófu þeirra kvótaeigenda sem ekki nýta sjálfir aflaheimildir sínar. Nýliðar munu ekki þurfa að greiða andvirði *auðlindarentunnar* til þeirra sem eru að selja og þeir sem eru að selja munu ekki getað horfið frá útgerð með andvirði auðlindarentunnar sem hagnað. Þetta mun gjörbreyta eðli viðskipta með aflaheimildir. Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokks óskuðu bókað:

Reykjavíkurborg er einn helsti útgerðarstaður landsins. Í borginni starfa mörg stór útgerðarfyrirtæki og þar á meðal er stærsta fyrirtækið í greininni á landsvísu. Við mat á áhrifum frumvarps um veiðigjöld á sjávarútveginn hefur einkum verið litið til meðalstórra og smærri fyrirtækja sem staðsett eru á landsbyggðinni en borgarráð Reykjavíkur vill benda á að verði frumvörpin að lögum munu þau einnig hafa harkalega áhrif á stærri útgerðarfyrirtæki sem meðal annars eru staðsett í borginni og þá um leið þau þúsund manna sem hafa lífsviðurværi sitt af sjávarútvegi og þjónustu við hann. Reykjavíkurborg varar alvarlega við því að sett verði lög sem íþyngja svo undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar að rekstrarförsendur fjölmargra fyrirtækja geti verið brostnar með ófyrirséðum afleiðingum fyrir þjóðfélagið í heild. Það er því ámælisvert að áhrif frumvarpanna hafi ekki verið metin til fulls áður en þau

voru lögð fram á Alþingi. Óháðir sérfræðingar hafa varað við þeirri leið sem sett er fram í frumvörpunum og þeirri miklu gjaldtöku sem að er stefnt. Það er því mikilvægt, m.a. með tilliti til umsagna, sem borist hafa atvinnumálanefnd, að Alþingi taki sér þann tíma sem nauðsynlegur er til að vanda lagasetningu um stjórn fiskveiða og veiðigjöld. Með framlagningu frumvarpanna hefur verið sköpuð óvissa meðal þjóðarinnar og tortryggni í stað þess að leita sátta og samráðs um ásættanlega lausn í svo stóru hagsmunamáli fyrir þjóðina. Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokks hafa gert tillögu um að leitað verði til óháðra sérfræðinga um frekari úttekt á stöðu borgarinnar og borgarbúa, verði frumvörpin að lögum, og mun skila Alþingi skýrslu að úttekt lokinni verði tillagan samþykkt.

Með kveðju,
Jónína Helga Björgvinsdóttir, deildarstjóri
Skrifstofa borgarstjórnar